

**Nd.**

**507. Þingsályktun**

um húsmæðraskóla á Staðarfelli.

(Afgreidd frá Nd. 7. maí).

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á stjórnina að gera nú þegar undirbúning undir stofnun húsmæðraskóla á Staðarfelli, og í því skyni

að láta rannsaka, hvort auka þyrfti húsakynni, og ef svo væri talið, að láta þá gera teikningar og áætlanir um húsauka, er gera þyrfti (á að geta 8 álna viðbót við enda hússins),

að gera áætlanir og tillögur um stofnun skólabús þar á staðnum,

að leita fyrir sjer um forstöðukonu skólans, er sje um leið ráðskona á skólabúinu, og

að leita fyrir sjer um duglegan ráðsmann og enn

að ihuga, hvort vextir af Herðísarsjóðinum og arður af skólabúi og hlunnindum Staðarfells mundi eigi nægja í rekstrarkostnað skólans.